

# **Starfsáætlun 2015 – 2016**

## **Sólgarður**

### **Umsögn foreldraráðs**

#### **Foreldraráð leikskólans skipa:**

**Atli Steinn Sveinbjörnsson**

**Ágúst Skorri Sigurðsson**

**Dagbjört Dúna Rúnarsdóttir**

**Edda Garðarsdóttir**

**Erna Helga Pálsdóttir**

**Unnur Hólmfríður Brjánsdóttir**

## Um starfsáætlanir leikskóla

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá fyrir leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en skóla- og frístundaráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum áætlun um hvernig þau verða metin.
- Áherslur í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Heildarfjöldi barna, og fjöldi barna sem njóta sérkennslu og barna af erlendum uppruna.
- Foreldraráð, foreldrafélag, foreldrafundir og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

### Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

### **Hlutverk foreldraráðs**

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

### **Umsögn foreldraráðs:**

Foreldraráð Sólgarðs árið 2015-2016 er mjög ánægt með High-scope stefnu leikskólans. Gott er að foreldrum var boðið uppá kynningarfund og að stefnan er sýnileg innan leikskólans. Hinsvegar finnst okkur vera of mikil áhersla á High-scope í allri símentun leikskólans, við veltum fyrir okkur hvort að stefnan nái yfir alla þætti leikskólastarfsins og hvort viðameira nám vanti. High-scope stefnan er nefnd í nánast öllum þáttum starfsáætlunarinnar, okkur finnst þá vanta umfjöllun um hvernig stefnan eigi við hvern þátt en ekki bara að vitna í hana.

Varðandi mat innan leikskólans fannst okkur vanta markvissari framsetningu ábyrgðaraðila. Nefndir eru aðilar eins og þróunarstjóri og leita þarf eftir því hver sá aðili er. Ekki var gert ytra mat á leikskólanum og okkur finnst það vanta. Almennt fannst okkur að bætt hafi verið úr þeim þáttum sem nefndir voru til úrbóta og erum við ánægð með þær breytingar sem hafa verið gerðar. Við verðum að byggja það á því sem við sjáum en höfum ekki séð að breytingarnar hafi verið mettnar neitt sérstaklega. Engu að síður finnst okkur að það vanti frekari upplýsingar um hvenær og hvernig mat fer fram og hvar foreldrar geti nálgast upplýsingar um framkvæmd og niðurstöður. Á sumum stöðum vantar að tekið sé fram hvað sé ábótavant og hvernig eigi að bæta það til dæmis varðandi dagsskipulag. Eins koma stundum ófullnægjandi svör eins og þegar spurt er „Hvenær og hvernig markmið verði mertið“ þá er einungis svarað PQA.

Undir kafla 3.2 virðast ekki neinar upplýsingar koma fram, ekki hefur verið fyllt út í gátlistann og myndum við vilja sjá merki þess að það sé með vilja gert.

Við lestur starfsáætlunar fannst okkur vera nokkuð um ósamræmi, bæði á orðalagi og uppsetningu. Sumstaðar er talað um kennara, þeirra hlutverk og ábyrgð en í starfsmannaskrá má sjá að enginn starfsmaður hefur leikskólakennaramenntun nema skólastjóri. Hinsvegar eru grunnskólakennarar sem starfa innan leikskólans og spyrjum við þá hvort að það séu þeir aðilar sem um ræðir.

Heilt yfir er foreldraráðið ánægt með starf leikskólans og finnst mörgum atriðum í starfáætlun vera fylgt vel eftir. Við erum ánægð með þær breytingar sem hafa orðið á leikskólanum og þær breytingar sem standa til samkvæmt starfsáætlun.